

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2016

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti (668. mál).**


Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti, á þingskjali 1096.

Félag atvinnurekenda fagnar frumvarpinu, enda eru ýmis ákvæði þess mjög í samræmi við tillögur félagsins um að fjármögnunarleiðum smærri fyrirtækja og fyrirtækja í vexti verði fjölgað og þær gerðar skilvirkari. Þannig hefur FA hvatt til þess að komið yrði á fót kerfi skattaafslátta fyrir einstaklinga sem fjárfesta í nýju hlutafé í minni fyrirtækjum.

Félagið fagnar því jafnframt að skilgreining á litlum fyrirtækjum skuli endurskoðuð til samræmis við EES-reglur og hvetur raunar til þess að farið verði í gegnum íslenska löggjöf til að skerpa á samræmi við Evrópulöggjöfina hvað slíkar skilgreiningar varðar.

FA hvetur eindregið til þess að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi og telur það mikilvægt skref í þágu eflingar nýsköpunar- og vaxtarfyrirtækja. Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum og er jafnframt reiðubúið að funda um málið.

Virðingarfyllst,  
Félag atvinnurekenda

  
Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA